

# **Álklasinn, félagasamtök**

Ársreikningur 2015

Álklasinn, félagasamtök  
Árleyni 2-8  
112 Reykjavík

Kt. 521015-0120

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda .....	3
Áritun endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda

---

Árið 2015 var stofnár Álklasans. Alls komu 33 aðilar að stofnun klasans á stofnfundi sem haldinn var 29. júní 2015. Fjöldmörg fyrirtæki koma saman í Álklasanum, sem eiga það sammerkt að starf þeirra tengist á einhvern hátt áliðnaði. Á meðal stofnaðila voru verkfræðistofur, vélsmíðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, skipafélög, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, auk álveranna þriggja á Íslandi.

Verkefni klasans á árinu snéru að uppbygginu starfseminnar. Tveimur verkefnahópum var hleypt af stokkunum í samstarfi við klasafyrirtæki, annar sem snéri að nýsköpun, rannsóknum og framþróun og hinn sem snéri að innviðum og ímynd. Fyrirtæki innan klasans buðu í kaffi og voru þrjár kaffiheimsóknir í haust til Íslandsstofu, Rannís og Háskólans í Reykjavík. Í samstafi við Íslandsstofu og Samál var ráðist í verkefni sem felst í að kortleggja útflutningstækifæri fyrirtækja í áliðnaði. Markmiðið með verkefninu er að fá yfirsýn yfir hindranir, möguleg samstarfsverkefni og þau sóknarfæri sem eru í sjónmáli hjá fyrirtækjum sem horfa til útflutnings. Álklasinn hefur á starfsárinu leitast eftir og fengið styrk til að efla samstarf við klasa í Evrópu. Þannig hefur verið komið á samstarfi við klasa í Noregi og Bretlandi og hefur nú verið sótt um fjármagn í Evrópska styrkjakerfið H2020 þar sem fyrrnefndir klasar auk klasa frá Þýskalandi, Frakklandi og Póllandi koma að málum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Álklasans staðfesta hér með ársreikning hans fyrir árið 2015 og leggja til við aðalfund að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 25. maí 2016.

Stjórn:

Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir  
Pétur Blöndal  
Eyjólfur Árni Rafnsson  
Ormarr Örlýgsson  
Jóna Árný Þórðardóttir  
Brynjar Bragason  
Ásbjörn Skúllason  
Kári Pálsson  
Skapti Valsson  
Sigurlaug Ómarsdóttir  
Hjálmar Árnason  
Matthias Matthiasson  
Ágúst Hafberg  
Þorsteinn Ingi Sigfússon  
Arthur Skúllason  
Bryndís Skúladóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir

# Áritun endurskoðanda

---

Stjórn og félagsmenn Álklasans, félagasamtaka.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Álklasans, félagasamtaka fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Álklasans, félagasamtaka á árinu 2015, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 25. maí 2016.

**KPMG ehf.**

Alexander G. Eðvardsson

# Rekstrarreikningur árið 2015

---

2015

## Rekstrartekjur

Árgjöld .....	6.390.000
Árgjöld vegna stjórnarsetu .....	1.440.000
Vaxtatekjur .....	29.036
	<hr/>
	7.859.036

## Rekstrargjöld

Aðkeypt þjónusta .....	3.977.793
Ferðakostnaður .....	203.186
Sími og internet .....	183.920
Fundir og mannfagnaðir .....	44.880
Annar kostnaður .....	8.193
	<hr/>
	4.417.972

<b>Hagnaður ársins</b> .....	<b>3.441.064</b>
	<hr/> <hr/>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

---

2015

## Eignir

Viðskiptakröfur .....	1.050.000
Handbært fé .....	6.363.857
Veltufjármunir samtals	<u>7.413.857</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>7.413.857</u></u>

## Eigið fé

Eigið fé .....	3.441.064
Eigið fé samtals	<u>3.441.064</u>

## Skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður .....	3.972.793
Skammtímaskuldir samtals	<u>3.972.793</u>
Skuldir samtals	<u>3.972.793</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>7.413.857</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2015

---

2015

## Rekstrarhreyfingar

Hagnaður ársins .....	3.441.064
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:	
Skammtímakröfur, hækkun .....	( 1.050.000)
Skammtímaskuldir, hækkun .....	3.972.793
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	<u>2.922.793</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>6.363.857</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>	6.363.857
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>	<u><u>6.363.857</u></u>

# Skýringar

---

## **1. Reikningsskilaaðferðir**

### **a. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

### **b. Innlausn tekna**

Árgjöld eru færð til tekna þegar þau falla til. Ef veruleg óvissa er um innheimtu árgjalda eru þau færð niður til að mæta þeirri óvissu. Niðurfærslan er færð til lækkunar á tekjufærðum árgjöldum í rekstrarreikningi.

### **c. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.